



**Stofnun tækninefndar FUT  
um sameiginlega grunngerð fyrir veþþjónustur banka og sparisjóða  
(IOBWS - sambankaskema)**

Erindi þetta er sent þeim sem talið er að hafi hagsmuna að gæta af þróun og notkun sambankaskema í rafrænum bankasamskiptum og eru þeir jafnframt hvattir til að kynna málið sem víðast. Með sambankaskema er átt við *Icelandic Online Banking Web Services*, IOBWS, sem hóf göngu sína árið 2006.

Boðað er til stofnfundar tækninefndar FUT um sambankaskema

**föstudaginn 13. nóvember 2009  
kl. 13:00 til 14:30  
Staðlaráði Íslands, Skúlatúni 2, 3. hæð, Reykjavík**

Vinsamlegast tilkynnið um áhuga á þátttöku í starfi nefndarinnar og mætingu á stofnfundinn til undirritaðrar fyrir hádegi 11. nóvember. Þeir sem hyggja á þátttöku í nefndinni og ekki eru þegar aðilar að Staðlaráði Íslands munu fá sendar upplýsingar um aðild og umsóknareyðublað.

Á stofnfundinum verður:

- Farið yfir tillögu að starfi nefndarinnar og ræddar hugmyndir að markmiðum, verkefnum og tímaramma.
- Kynntar reglur um störf tækninefnda Staðlaráðs og fyrirkomulag á starfi tækninefnda FUT.
- Leitað staðfestingar á þátttöku í tækninefndinni.
- Tímasettur fyrsti vinnufundur nefndarinnar.

Framkvæmdaráð fagstaðlaráðs í upplýsingatækni, FUT, stofnar tækninefndina að tillögu samstarfshóps Landsbanka, Kaupþings, Íslandsbanka og Teris, og að fengnu samþykki stjórnar Staðlaráðs Íslands. Tækninefndir FUT starfa í umboði framkvæmdaráðs FUT, samkvæmt starfsreglum Staðlaráðs og fagstaðlaráðsins, en þær má finna á vefnum [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

**Megin hlutverk tækninefndar um sambankaskema verður að þróa og móta tækniforskriftir og staðla fyrir opið og staðlað umhverfi veþþjónustu banka og sparisjóða á Íslandi.** Vinnan mun byggja á núverandi sambankaskema og þeim skilgreiningum sem til eru um það. Jafnframt verður tekið mið af því starfi sem á sér stað hjá evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Starfstími tækninefndarinnar er ótímabundinn, en hún setur sér nánari markmið, verkefna- og tímaáætlun í samræmi við það umboð sem henni er gefið.

Tækninefndin er öllum þeim opin sem hafa hagsmuna að gæta á starfssviði nefndarinnar og eru reiðubúnir til að leggja fram þá vinnu, aðstöðu og/eða fjármagn sem þarf til að standa undir starfi nefndarinnar. Helstu hagsmunaaðilum er sent þetta fundarboð, en til þeirra teljast fjármálastofnanir, fyrirtæki í innheimtu-, bókhalds- og upplýsingaþjónustu, hugbúnaðarfyrirtæki, samtök í atvinnulífi og opinberir aðilar.

Þeir sem kjósa að taka ekki virkan þátt í starfinu en vilja vita af afurðum nefndarinnar eru beðnir að láta undirritaða vita af þeim áhuga.

30. október 2009

Guðbjörg Björnsdóttir  
Fagstaðlaráði í upplýsingatækni, FUT  
[gudbjorg@stadlar.is](mailto:gudbjorg@stadlar.is)  
Sími 520 7150